

SÍNE

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1153  
komudagur 11.3.2003

Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7.mars 2003

**Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.75/1981, um tekju- og eignarskatt (mál nr.184)**

Með vísan í bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 26.febrúar sl., þar sem Sambandi íslenskra námsmanna erlendis er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt (mál nr. 184 – vextir og verðbætur af námslánum).

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) lýsir yfir ánægju með að fram sé komið frumvarp af þessu tagi, þar sem endurgreiðendum námslána mun gefast kostur á skattalegu hagræði vegna vaxta og verðbóta af námslánaskuldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN).

Endurgreiðsla námslána LÍN reynist flestum mjög þungur baggi enda hefst endurgreiðsla lánanna tveimur árum eftir að námsaðstoð frá LÍN lýkur. Á þeim tíma hafa fæstir náð að greiða niður að fullu þær bankaskuldir sem margir neyðast til að taka til viðbótar hefðbundnum námslánunum. Er ástæða þess ýmist sú, að námslánin duga ekki öllum til framfærslu eða, að námsmaðurinn hefur þurft að taka á sig gengistap vegna stöðu krónu, sem safnast upp á háum vöxtum meðan á námi stendur. Rétt er að vekja athygli á þeirri staðreynd að námsaðstoð frá LÍN getur lokið áður en lokaverkefni í námi hefur verið skilað og formleg útskrift farið fram. Það þýðir að námsmaðurinn getur hafa verið mjög tekjulítill eða tekjulaus hluta af þeim tveimur árum sem námsmaðurinn fær til að undirbúa sig fjárhagslega vegna endurgreiðslu lánanna.

SÍNE telur mjög mikilvægt að lög um endurgreiðslur námslána LÍN verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að hvetja ungt fólk til náms, auka með því menntunarstig í landinu og hraða mannauðsuppbyggingu. Því fagnar SÍNE hverju skrefi sem miðar í þá átt að draga úr þungri endurgreiðslubyrði námslána LÍN og telur að etv. hefði mátt ganga lengra í þá átt með umræddu frumvarpi.

SÍNE mælir með að frumvarpið nái fram að ganga og verði að lögum.

F.h. stjórnar SÍNE

Heiður Reynisdóttir

Heiður Reynisdóttir  
framkvæmdastjóri SÍNE